

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2017, fimmtudaginn 7. desember var haldinn 364. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14, Arnarholti og hófst kl. 09:10.

Mættir: Eva Einarsdóttir formaður, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Björg Fenger Garðabæ, Anný Berglind Thorstensen Kópavogi, Pétur Óskarsson Hafnarfirði og Theódór Kristjánsson Mosfellsbæ.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Einar Bjarnason rekstrarstjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Til umræðu var stefnumótun skíðasvæðanna á höfuðborgarsvæðinu og hver staðan er á þeirri vinnu, hvaða hagsmunaaðila hefur verið rætt við og hvernig framhaldið lítur út. Finnur Kristjánsson frá Landslagi og Haraldur Hjaltason frá Artemis sátu fundinn undir þessum lið og kynntu þá vinnu sem fram hefur farið.
2. Lagt fram bréf skíðadeildar Fram varðandi skíðalyftu í Eldborgargili. Frestað þar til eftir fund með skíðadeildinni.
3. Rætt um hugmyndir um netsölu á kortum á skíðasvæðum. Samþykkt að hefja netsölu á kortum.

Fundi slitið kl. 10:30.

Eva Einarsdóttir

Björg Fenger
Theódór Kristjánsson
Pétur Óskarsson

Anný Berglind Thorstensen
Magnús Örn Guðmundsson